

## 5. gr.

Greiðsludeild Tryggingastofnunar ríkisins annast greiðslu styrkja samkv. reglum þessum sem hér segir:

- 1) Kr. 80 þús. sé um að ræða fötlun.
- 2) Kr. 250 þús. sé um að ræða mjög hreyfihamlað fólk, sem notar hjólastóla, hækjur, spelkur og gervilimi, eða önnur hjálpartæki.

Greiðslur miðast við 600 bifreiðar á ári sbr. tl. 1. og 50 á ári sbr. tl. 2.

Sé um að ræða styrki skv. 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar greiðast þeir úr lífeyristryggingasjóði, en úr sjúkratryggingasjóði sé um 2. mgr. 1. gr. að ræða.

## 6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 19. og 39. gr. stl. b. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

1. Þeir sem eftir 1. mars 1986 fengu eftirgjöf aðflutningsgjalda samkv. 27. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120/1976, skulu fá greiddan mismun á þegar fenginni eftirgjöf og þeim fjárhæðum sem fram koma í 5. gr. Þeim sem ekki nýttu sér þá eftirgjöf sem heimiluð var á fyrrgreindu tímabili skal gefinn kostur á úthlutun samkv. reglum þessum fram til 1. sept. 1987.
2. Á árinu 1987 fer nefnd samkv. tollskrárlögum með úthlutun styrkja samkv. reglum þessum. Er eingöngu heimilt að úthluta vegna bifreiða, sem keyptar voru eftir 1. mars 1986. Nefnd samkv. 3. gr. tekur til starfa frá og með 1. sept. 1987 vegna úthlutunar 1988.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. apríl 1987.*

**Ragnildur Helgadóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*

**REGLUR**

**um breytingu á reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 325/1985.**

## 1. gr.

Við reglurnar bætist ný grein, er verði 5. gr., jafnframt því sem röð annarra greina breytist til samræmis. Greinin orðist svo:

**Björgunarbúningar.**

- 5.1. Hvert skip 12 m að lengd eða lengra skal búið viðurkenndum björgunarbúningum fyrir alla skipverja.
- 5.2. Björgunarbúninga skal staðsetja ofan aðalþilfars.
- 5.3. Björgunarbúningar skulu skoðaðir árlega samkvæmt nánari fyrirmælum Siglingamálastofnunar ríkisins.

## 2. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 51/1987 um eftirlit með skipum staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Siglingamálastjóra er þó heimilt að veita frest til að fullnægja ákvæðum 1. gr. sem hér segir:

- a) Fiskiskip 250 brl. og stærri til 1. september 1987.
- b) Fiskiskip lengri en 24 m að lengd en minni en 250 brl. til 1. júlí 1988.
- c) Fiskiskip 12 m til 24 m að lengd til 1. janúar 1989.
- d) Önnur skip til 1. september 1987.

*Samgönguráðuneytið, 15. apríl 1987.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## AUGLÝSING

### um veitingu leyfis til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34, 21. maí 1964, um loftferðir, hefur ráðuneytið í dag veitt Arnarflugi — Innanlands hf., Reykjavík, sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum flugleiðum innanlands frá og með deginum í dag að telja til 31. desember 1989:

1. Reykjavík — Rif — Reykjavík
2. Reykjavík — Grundarfjörður — Reykjavík
3. Reykjavík — Stykkishólmur — Reykjavík
4. Reykjavík — Bíldudalur — Reykjavík
5. Reykjavík — Flateyri — Reykjavík
6. Reykjavík — Gjögur — Reykjavík
7. Reykjavík — Hólmarvík — Reykjavík
8. Reykjavík — Blönduós — Reykjavík
9. Reykjavík — Siglufjörður — Reykjavík

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til áætlunarflugs á téðri flugleið, en jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningsþörf krefur að mati ráðuneytisins.

Jafnframt fellur niður sérleyfi Arnarflugs hf. á þeim flugleiðum, sem greinir í auglýsingu nr. 511/1984.

*Samgönguráðuneytið, 15. apríl 1987.*

**Matthías Bjarnason.**

*Birgir Guðjónsson.*